# Stýrihópur um stefnumótun fjölmenningarborgarinnar Reykjavík

Menningar- og íþróttaráð 10. janúar 2025

# Um stýrihópinn

- Erindisbréf samþykkt þann 26.september 2024

- Hlutverk: Að móta heildstæða stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík með fjölmenningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar1 að leiðarljósi.
- Starfshópinn/stýrihópinn skipa: Sabine Leskopf (formaður), Magnea Gná Jóhannsdóttir, Magnús Davið Norðdahl, Friðjón R. Friðjónsson og Sanna Magdalena Mörtudóttir
- Áhersla: Stefnumótun og eignarhald á aðgerðum á fyrst og fremst að vera á vegum sviðanna

# Fjölmenningaryfirlýsing

- Við fögnum fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra.
- Við erum stolt af því að vera borg þar sem margir menningarheimar mætast.
- Við erum stolt af því hve langt við höfum náð í því að setja upp kynjagleraugun eða hinsegin gleraugun.
- Nú nýtum við okkur þessa reynslu og setjum upp fjölmenningargleraugun á sama hátt.
- Við hvetjum önnur sveitarfélög og ríkið að taka þátt í þessari vegferð.
- Við viljum að innflytjendur geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa og að þeir þekki réttindi sín.
- Við tryggjum að fjölmenningarleg gildi endurspeglist í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar.
- Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu.
- Við viljum gera þessu jákvæða framlagi innflytjenda hærra undir höfði.
- Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar. Þegar hver og einn fær tækifæri að njóta hæfileika sinna og sköpunarkrafta til fulls, þá græðum við öll á því.

# Helstu verkefni

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru um málaflokkinn m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaráætlunum.

- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.

- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík og aðgerðaráætlun með inngildingu og fjölmenningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.